

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2005 2005110284
G-ums 07/05

Umsögn um 12. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Í bréfi dagsettu 10. nóvember 2005 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um 12. mál yfirstandandi þings, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1888, með síðari breytingum. Fer umsögn ríkisskattstjóra hér á eftir.

Með frumvarpinu er lagt til að rekstri vegamannvirkja í atvinnuskyni verði skipað utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts.


Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram sú skoðun flutningsmanna að ósanngjarnt sé að ríkið innheimti virðisaukaskatt af gjöldum fyrir notkun samgöngumannvirkja. Þá kemur fram að flutningsmenn telja tillögu sína geta orðið verulegt skref til lækkunar veggjalda fyrir akstur um Hvalfjarðargöng. Í því sambandi er í greinargerðinni tiltekið hve háum fjárhæðum hafa numið, á um sex ára tímabili, veggjöld um Hvalfjarðargöng og virðisaukaskattur (útskattur) af þeim. Ríkisskattstjóri bendir á, að þar með er ekki nema hálf sagan sögð. Í söguna vantar að virðisaukaskattur sem greiddur hefur verið úr ríkissjóði í formi innskatts, vegna byggingar og rekstrar umræddra ganga, nemur mun hærri fjárhæð en virðisaukaskattur í formi útskatts af veggjöldum. Sá munur skýrist m.a. af því, að fyrir aðgang að vegamannvirkjum ber að innheimta 14% virðisaukaskatt, en aðföng til byggingar og rekstrar bera 24,5% virðisaukaskatt. Það að skipa rekstri vegamannvirkja utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts, eins og lagt er til í frumvarpinu, hefur í för með sér að hvorki ber að innheimta virðisaukaskatt af veggjaldi né er réttur til innskatts af aðföngum vegna byggingar vegamannvirkis og rekstrar þess. Hefði sú skipan virðisaukaskatts af vegamannvirkjum, sem lögð er til í frumvarpinu, verið í gildi frá upphafi gerðar Hvalfjarðaganga, þá hefði eigandi ganganna borið allan virðisaukaskatt af gerð og rekstri þeirra og má því ætla að sú skipan hefði leitt til hærri veggjalda. Í ljósi framanritaðs telur ríkisskattstjóri að sú skipan, sem lögð er til í frumvarpinu, sé ekki til þess fallin að ná þeim markmiðum sem ráða má af greinargerð að stefnt sé að.


Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að sala rafræns aðgangs að tímaritum, dagblöðum og landsmála- og héraðsfréttablöðum verði eins og sala þeirra á pappír felld undir undantekninguna um 14% virðisaukaskatt í stað meginreglunnar um 24,5% skatt.

Ákvörðun um það undir hvert gjaldþrepa virðisaukaskatts (0%, 14% eða 24,5%) viðskipti af tilteknum toga skuli falla lýtur almennt fremur pólitískum sjónarmiðum en skatttæknilegum. Tillaga þessi er þó fyrst og fremst reist á samkeppnisforsendum, þ.e. því sjónarmiði að skattlagning eigi að vera hlutlaus gagnvart birtingarformi þess efnis sem blöð og tímarit af umræddum toga hafa að geyma. Undir það sjónarmið tekur ríkisskattstjóri, en bendir hins vegar á nauðsyn þess að afmarka með skýrum hætti það efni sem undantekningunni er ætlað að taka til. Þegar á sínum tíma var vikið frá meginreglunni varðandi tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð á pappír, skapaðist nokkur óvissa um það hvaða prentvarningur félli undir frávikið. Þó höfðu blöð og tímarit verið gefin út með ákveðnu sniði um langan aldur. Ríkisskattstjóri telur að af texta frumvarpsins sé ekki fullljóst hvort þeirri breytingu, sem lögð er til, sé einungis ætlað að taka til rafræns aðgangs að efni blaða og tímarita sem jafnframt eru gefin út á pappír, eða hvort breytingunni er ætlað að taka til aðgangs að efni sem eingöngu er sett fram á rafrænu formi. Að virtu því sjónarmiði sem tillagan er reist á er vart ástæða til að gera greinarmun að þessu leyti á því hvort efnið er jafnframt birt á pappír eða ekki. Ef tillögunni er ætlað hið rýmra gildissvið, skortir skilgreiningu á því hvaða efni á rafrænu formi teljist tímarit, dagblöð og landsmála- og héraðsfréttablöð.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að veita umsögn þessa.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún Þorleifsdóttir


Sigurjón Högnason